11. desember. En það er þegar uppselt á tvær fyrstu sýningarnar."


Hvaða verk ætlarðu að sýna?

„Það verða ýmsar uppákomur. Það kemur jólasveinn og spilar á píanó og svo kemur gömul kona og segir sögur, síðan fáum við gítarleikara á sviðið og að síðustu verður barnaleikritið Rauðhetta, í þýðingu Ævars R. Kvaran."

Þessar tréskurðarmyndir eru mjög frábrugnar þeim tréskurði sem maður á að venjast, hvernig vinnurðu myndirnar?

„Já, þessi stykki hafa verið óralengi í vinnslu hjá mér. Ég hef alltaf verið í myndskurði milli þess sem ég hef verið að gera leikbrúður. Ég hef alltaf nóg að gera — er vinnusamur maður og þar af leiðandi lífsglaður," segir Jón og hlær við.

„Annars er eiginlega ekki hægt að segja að það sem ég geri sé tré-



skurður, heldur hegg ég í tréð með sporjárnum. Myndskerinn ristir í tréð með járnum, sker það og yfirleitt eru það flatmyndir. Þannig að þetta eru tvær ólíkar aðferðir. Þegar ég hef lokið við að höggva þær eru þær tilbúnar, því ég hef aldrei málað þessar myndir eða lakkað þær. Ég er alveg á móti því, vegna þess að þá getur viðurinn ekki andað og verður leiðinlegur. Með því að láta allt lakk og málningu eiga sig leyfir maður viðnum að eldast og litnum að breytast í eðlilegu samræmi. Þetta má glöggt sjá á gömlum tréskurði, til dæmis Kristsmyndum, sem hafa fengið að standa um langan aldur og eru orðnar ákaflega fallegar."

Einu sinni varstu mikið með pappabrúður, sýnirðu þær líka?

„Nei. Það eru um tuttugu ár síðan ég hætti að búa til brúður úr pappamassa, svona fyrir sjálfan mig, þótt ég hafi kennt það lengi á eftir. Trébrúðugerðin er leikbrúðugerð í sinni upprunalegu mynd og þær brúður eru miklu meira „solid" en pappírsbrúðurnar og maður nær betra jafnvægi í stjórnun á þeim. Hreyfingar brúðanna verða fallegri og öruggari. Öll stjórntækin eru líka úr tré, en ekkert þeirra er eins, vegna þess að engin brúða gerir sömu hreyfingar. Maður er alltaf að fást við nýja möguleika, þannig að þetta verður aldrei leiðinlegt. Það kemur iðulega fyrir að ég þarf að taka alla spottana af þeim, breyta stjórntækinu og setja spottana í aftur — og aftur, þangað til brúðan hlýðir skipun minni. Þá fær hún líka vinnu hjá mér — fastan samning."

Þú ert auðvitað ekkert orðinn þreyttur á þessu og farinn að huga að því að leggja árar í bát?

„Nei, ekki aldeilis. Það er dásamlegt að vinna að því sem maður vill gera, hafa svo mikið við að vera, að maður sjái aldrei framúr verkefnunum. Um þessar mundir er ég að undirbúa næstu sýningu í leikhúsinu mínu, sem verður Grámann í Garðshorni, eftir Stefán Jónsson, rithöfund og áætla að hefja sýningar í júní. Þá ætla ég líka að vera með annað verk, sem ég er ekki endanlega búinn að ákveða, fyrir börn yngri en sjö ára. Svo núna er ég í óðaönn að vinna brúðurnar fyrir þá sýningu."

Það er greinilega ekkert lát á vinnugleðinni og orkunni hjá Jóni og allt útlit fyrir að Íslenska brúðuleikhúsið nái fjörutíu ára afmæli sínu, en að sinni óskum við Jóni til hamingju með þessi tímamót í sögu brúðuleikhúss hans.


Viðtal/Súsanna Svavarsdóttir

Kammersveit Reykjavíkur flytur:

KREFJANDI KAMMERVERK EFTIR SCHUBERT

Tónleikar í Áskirkju í dag

Kammersveit Reykjavíkur heldur fyrstu tónleika sína í Reykjavík á þessu starfsári í Áskirkju í dag, laugardaginn 2. desember kl. 17. Á tónleikunum verður flutt eitt verk, Oktett í F-dúr eftir Franz Schubert. Leiðbeinandi Kammersveitarinnar á þessum tónleikum er Paul Zukofsky. Tónleikarnir eru helgaðir minningu Péturs Þorvaldssonar sellóleikara, eins af stofnendum sveitarinnar, en hann lést nú í haust.



Kammersveit Reykjavíkur á æfingu fyrir tónleikana í Áskirkju. Morgunblaðið/Sverrir

Oktett Schuberts er með lengstu kammerverkum, tekur klukkutíma í flutningi. Hann var saminn árið 1824 þegar Schubert var 27 ára og á hátindi ferils síns. Hann gerði það að beiðni Trojel greifa, sem vildi fá verk er líktist Septetti Beethovens. Hljóðfæraskipan í þessum tveimur verkum er sú sama, nema Schubert bætti við einni fiðlu, og þau eru lík í uppbyggingu hvað varðar kaflaskipti og niðurröðun laga. En Schubert notar einnig stef í verkið úr öðrum verkum sínum. Í Oktettinum kemur fram viss tregi og kannski þunglyndi sem einkenndi Schubert á þessum árum, þó flestir kaflarnir séu léttir og skemmtilegir.

Verkið er skrifað fyrir klarinett, fagott, horn og strengjakvartett og kontrabassa. Hljóðfæraleikarar eru Rut Ingólfsdóttir á fiðlu, Paul Zukofsky á fiðlu, Sarah Buckley á lágfiðlu, Bryndís Gylfadóttir á selló, Richard Korn á kontrabassa, Sigurður I. Snorrason á klarinett, Rúnar H. Vilbergsson á fagott og Joseph Ognibene á horn.

Hljóðfæraleikararnir segja það sérlega ánægjulegt að vinna með Zukofsky og ekki síst í þessu verki, þar sem Zukofsky leikur oftast nútímaverk. Það sé gaman að vinna með honum. Hann hafi sérstakar hugmyndir um uppbyggingu kaflanna og val á tempói og sé mikið fyrir hröð og lifandi tempó.

Oktettinn er ekki oft spilaður í Reykjavík, enda er hann að sögn hljóðfæraleikaranna, erfiður og krefjandi. Lengd hans skiptir þar líka máli, en hún gerir það að verkum að hann fer ekki vel með öðrum verkum á efnisskrá.

Með þessum tónleikum hefur Kammersveit Reykjavíkur ekki sagt skilið við Schubert í vetur því hún ætlar að flytja tvö önnur stór kammerverk eftir hann. Það eru Strengjakvintett í C-dúr, sem fluttur verður í febrúar og Silungakvintettinn í apríl.

Jólatónleikar Kammersveitarinnar verða í Áskirkju eftir tvær vikur eða sunnudaginn 17. desember.

MEO

Óheftur tjákraftur

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Metnaðarfullar valkyrjur virðast vera í þann veginn að taka við af karlpeningnum, hvað varðar stórar og ábúðarmiklar sýningar.

Hver stórsýning þeirra rekur aðra á hverju ári, en fyrir aðeins fáum árum var ein slík drjúgur viðburður og ár á milli þeirra.

Nína heitin Tryggvadóttir hélt lengi uppi merkinu um slík stórvirki, en nú er kominn fram á sjónarsviðið heill her af galvöskum myndlistarkonum.

Að sjálfsögðu hljóta þær að gjalda þess, að sýningar þeirra eru ekki lengur stórfrétt fyrir það eitt, að þær eru konur, en um leið er það styrkur þeirra, þar sem nákvæmlega sömu kröfur eru gerðar til þeirra og karlpeningsins, — ef ekki ennþá meiri!

Myndlistarkonan *Jóhanna Bogadóttir* er ein þeirra kvenna, sem mikið hefur borið á á undanförnum árum og var slíkri framsókn þó ekki spáð í uphafi ferils hennar.

Jóhanna hefur víða farið og víða sýnt myndir sínar, jafnt grafík sem málverk og þá einkum í Finnlandi, þar sem hún hefur verið í slagtogi við þá ágætu vini vora.


Það hefur fylgt henni frá upphafi að nota nokkur myndtákn, sem hún hefur endurtekið í síbylju og með litlum breytingum.

Það er helst á allra seinustu árum, sem breytinga hefur orðið vart, og þær koma greinilegast fram á sýningu hennar á Kjarvalsstöðum um þessar mundir, en þar hefur hún fyllt vestari sal og vestari gang af myndverkum sínum, aðallega málverkum, en innan um eru olíu- og þurrkrítarmyndir. Það er mikill kraftur í þessum myndum, svo mikill að manni dettur jafnvel í hug sprengikraftur. Og ekki er hún spar á sterku litina, sem eins og ólmast og byltast á myndfletinum og eiga bágt með að rótfesta sig, en æða á móti skoðandanum og bjóða honum í sjónrænan pataldur.

Þessi hamslausi ofsi augnabliksins hefur heilmikið verið iðkaður í Finnlandi á undanförnum árum svo sem sjá má t.d. í myndum Ullu Rantanen, en sem er þó af allt öðru og ljóðrænna upplagi.

Hér er um expressjónisma að ræða eða eins konar úthverft innsæi — myndefni úr hlutveruleikanum verður vaki óhefts tilfinningaflæðis á myndfletinum.

Tvær ólíkar myndir gefa þetta ótvírætt til kynna „Sköpun" (6) og „Undir indverskri sól" (15), en hér kemur gamla stigaformið fram í nýjum og myndrænni búningi. Stigaformið hefur lengi loðað við myndheim Jóhönnu en nú brýtur hún það og nálgast á ýmsa vegu þá virðist listakonan hafa komist í snertingu við dýpri inniviði málverksins í myndum eins og „Við hamarinn" (10), „Útsær" (14), og „Svörtusker" (23). Hér er litnum fullkomlega haldið í



Jóhanna Bogadóttir

skefjum en þó krauma þær af innra lífi.

Hið sama má segja um ýmsar krítarmyndirnar svo sem „Sumarmynd" (II), „Glóð" (32) og „Umbrot" (35). Þá er fjörleg og kröftug teikning í krítarmyndunum „Á ferð og flugi" (30) og „Græna dýrið" (37).

Það sem er mikilverðast við myndirnar á þessari sýningu er, að Jóhanna er að víkka út myndog tæknisviðið og um leið skynsviðið og má hér Indlandsferð fyrir ári eða svo eiga stóran hlut að máli.

Fátt víkar meira út skynsviðið en ferðalög á vit framandi menningarsvæða og um leið færa þau mann nær eigin sjálfi.

Að öllu samanlögðu er hér um að ræða ótvíræðasta framlag Jóhönnu Bogadóttur til myndlistarinnar fram að þessu.

Á Gerðubergi

Á dögunum gerði ég mér ferð í menningarstofnun þeirra Breiðhyltinga í Gerðubergi.


Þar stendur nú yfir sýning hins nafnkennda teiknara *Ragnars Lár* á allmörgum myndverkum.

Það er alllangt síðan ég átti leið þangað síðast, enda ekki mikið um að haldnar séu sýningar á þessum stað, svo sem var í fyrstu, enda er ekki hægt að segja, að sýningaraðstaðan sé hin ákjósanlegasta. Hins vegar taka verk ýmissa málara í eigu Reykjavíkurborgar sig ágætlega út á veggjunum og þá einkum á neðri hæðinni.

Hvað varðar sýningar, sem áður hafa verið haldnar, þá hafa mér fundist veggirnir á neðri hæðinni og t.d. kaffistofunni mun betur fallnir til að taka við myndunum, en hinir þröngu gangar uppi, sem naumast hefur verið gert ráð fyrir í upphafi að yrðu nýttir til sýningahalds.

Þessar myndir Ragnars Lár eru í senn figuratívar sem hálffígúratívar ásamt því að vera hreint óhlutlægar. Flestar unnar hratt og af mikilli sköpunargleði.

En nú er það svo með þessa tegund óhlutlægrar listar, að hún krefst annarra og hnitmiðaðri



Ragnar Lár

vinnubragða en hér koma fram — eiginlega þrotlausrar vinnu og einbeitni. Hér er nefnilega falin mikil glíma við liti og form og að skila þeim á þann hátt frá sér, að skoðandinn skynji þau átök, sem að baki liggja, þótt hann geri sér alls ekki grein fyrir þeim.

Þetta sér maður t.d. mjög vel í myndum franskra „konkret"-málara sjötta áratugarins og strangflatalistarmálverkum yngri kynslóðar, en þessi listastefna hefur lifað góðu lífi meðal áhangenda sinna allan tímann þótt hún hafi ekki verið á oddinum.

Það hefur svo fjarska margt verið misskilið hér á landi varðandi eðli núlista, og myndræn staðfesta hefur ekki verið sterkasta hlið okkar manna. Þvert á móti hafa þeir iðulega breytt um stíl á einni nóttu þegar annað hefur komið upp ytra. Línudans er þetta nefnt af hinum staðfastari í útlandinu.

Það hefur verið mikið flug og mikill þeytingur í lífi gerandans og það kemur fram í myndum hans á þessari sýningu. Það er líkast sem að Moli litli flugustrákur og Boggi blaðamaður séu á næsta leiti.

Mér þótti tæknin, sem Ragnar beitti í mynd sinni af Ása í Bæ, áhugaverð, og hér gæti hann náð miklu meiri árangri með hnitmiðaðri vinnu, því hún býður upp á svo marga spennandi möguleika.

En athyglisverðustu myndirnar á sýningunni þóttu mér þrenningin „Kontra, Krókalda og Kvi..lingur", en í þeim öllum koma fram raunsönn átök við samanlagðan efniviðinn.